



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á þjóðahátíð Vestfirðinga
Ísafirði
24. mars 2001**

Ágætu Vestfirðingar

Það er í senn snjöll hugmynd og brýn hvatning að efna til þjóðahátíðar hér vestra og vísa okkur öllum þannig veginn í þeirri viðleitni að fagna vel því góða fólki sem komið er um langan veg til að auðga mannlíf, atvinnuhætti og menningu í landi okkar.

Á Vestfjörðum hefur það löngum verið svo, að samskipti við aðrar þjóðir hafa oft ráðið úrslitum um hag byggðanna og lífskjör íbúanna. Sú mynd sem stundum er haldið á lofti að Vestfirðir hafi verið afskekktir og einangraðir samrýnist á engan hátt sögulegum staðreyndum.

Þeir nýbúar, landnámsmennirnir, sem settust að hér í fjórðungnum fyrir röskum þúsund árum voru svo sannarlega heimsborgarar sinnar tíðar, báru með sér andblæ evrópskrar menningar og norrænna siða, voru víðförlir og gátu miðlað ríkulega af reynslu sinni og samskiptum við fólk í mörgum löndum.

Vestfirðingar stunduðu svo um aldir verslun og viðskipti víða í álfunni og nutu í árdaga íslenskrar sjálfstæðisbaráttu öflugra fyrirtækja sem voru í senn vestfirsk að rót og alþjóðleg í umsvifum.

Hingað komu norskir hvalfangarar og bandarískir lúðuveiðimenn, færeyskir duggarar og breskir togarakarlar og áhrif þeirra á viðhorf, þekkingu og athafnalíf íbúanna í hinum vestfirsku fjörðum eru efniviður í fjölbreytta sögu. Við sem ólumst hér upp fyrir um fimmtíu árum munum vel hvernig sjóararnir frá Grimsby og Hull, Þórshöfn og öðrum færeyskum byggðum settu svip á bæinn og þorpin þegar vélarbilun, veðurofsi eða þörf á nýjum vistum dró þá til hafnar.

Það var því byggt á gömlum grunni þegar Vestfirðingar tóku upp þá nýbreytni fyrir fáeinum árum að efna til sérstakrar hátíðar til að fagna framlagi þeirra fjölmörgu sem eiga sér annað þjóðerni að uppruna en hafa kosið að ganga til liðs við fólkið hér vestra og efla þannig hagsæld og framfarir í vestfirskum fjörðum.

Við höfum á undanförnum árum séð þess víða merki að lífið í landinu hefur orðið fjölskrúðugra, kraftmeira, skemmtilegra og litríkara vegna framlags þess góða fólks sem gert hefur Ísland að heimkynnum sínum.

Þjóðahátíðin hér vestra hefur varpað sterku ljósi á hve mörg eiga hér hlut að máli, hve víða að þau eru komin og hve ríkulegar þakkir okkur ber að færa þeim fyrir ræktarsemi og alúð í garð íslenskra byggða.

Þjóðahátíð Vestfirðinga hefur orðið eins konar þakkarhátíð Íslendinga, helguð nýjum íbúum landsins okkar og þeirri sýn sem þau hafa veitt okkur á siði og menningu, trú og tónlist, matargerð og daglega hætti, fagnaðarhátíð helguð þeirri þekkingu og reynslu sem jafnan fylgir samvistum við nýja granna.

Þótt margir hinna nýju íbúa hafi lagt á sig erfiði til að geta skilið og talað íslenska tungu er einnig eðlilegt að þakka þeim hér í dag á því tungumáli sem heimsbyggðin kys helst að nota þegar fólk af ólíku bergi brotið kemur saman.

Although many of you who have come from afar to enrich the life here in the Western fjords have in an admirable way learned to understand our ancient language I want also to express my thanks to you in English and to emphasise how deeply we appreciate your contribution to the evolution of our culture and the well-being of the nation.

In a multitude of fields, in fish processing and industrial production, in welfare services and educational training you have given the towns and villages in different parts of Iceland both inspiration and strength so their potential for progress has gained a new dimension.

For all of this we are deeply grateful and it is our sincere hope that your life in Iceland will be prosperous and both spiritually and personally rewarding and that your families will here gain happiness and secure existence.

Við Íslendingar getum svo sannarlega lært mikið af því góða fólki sem bæst hefur í okkar hóp á undanförnum árum – og án þess hefði okkur reynst örðugt að sinna mörgum þörfum verkum.

En við þurfum líka að halda vöku okkar og láta nýjum íbúum Íslands í té þá aðstoð sem þeir þarfnast þótt okkur gangi á stundum erfiðlega að skilja hve brýn hún kann að vera.

Ástkæra ylhýra málið sem okkur er tamt strax frá æsku er erfið þraut þeim sem alist hafa upp við annan hljóm. Í raun höfum við Íslendingar verið ótrúlega skilningsvana á nauðsyn þess að útbúa ítarlegt kennsluefni í íslensku fyrir erlent fólk sem málið vill læra. Það hefur til skamms tíma skort efni til slíkrar kennslu og lítt verið hugað að því að klæða það í aðgengilegan búning nýrrar tækni, hagnýta aðferðir sem gera lærdóm og fræðslu að léttum leik.

Við höfum heldur ekki verið dugleg við að túlka sögu okkar og menningu fyrir þá sem hingað koma um langan veg. Kannski er það arfurinn frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar þegar framsetning og efnisval báru þess merki að þjóðin var að réttlæta kröfur sínar til frelsis og fullveldis. Nú búum við hins vegar að öryggi og festu og engin ógnar tilveru íslenskrar þjóðar. Því ætti að vera auðveldara að opna augu okkar fyrir því hvernig best er að gera hina íslensku arfleifð aðgengilega fyrir nýbúa í okkar landi.

Virðingin fyrir heimanmundi, siðvenjum og trúarlífi þeirra sem hingað koma þarf áfram að styrkjast og þroskast í okkar huga. Við verðum í þeim efnum að reynast sannir heimsborgarar, sjá og skilja að Ísland er óðum að verða spegilmynd af þeim fjölbreytileika sem annars staðar hefur fest í sessi.

Við verðum líka að vera á varðbergi gagnvart öllum tilraunum til að vekja upp andúð og tortryggni í garð nýbúanna. Við verðum að koma í veg fyrir að fordómar, hræðsluáróður og kynþáttahatur festi hér rætur og sýki umræðu og hugsunarhátt á þann veg sem í öðrum löndum hefur orðið að illvígum vanda.

Það verður okkur prófraun að halda áfram að taka á farsælan hátt á móti nýju fólki og árangur á því sviði kann að hafa nokkur áhrif á það hvort við Íslendingar getum áfram á alþjóðlegum vettvangi borið sæmdarheiti frjálslýndrar lýðræðisþjóðar.

Vestfirðingar hafa með frumkvæði um þjóðahátíð sýnt í verki hvernig okkur ber að gleðjast yfir þeirri grósku sem fylgt hefur góðu fólki sem kosið hefur að gera Ísland að heimkynnum sínum. Megi sá andi bræðralags og sannrar gleði sem hér ríkir vera áfram leiðarljós í þessum efnum.

Ég þakka frumkvæði og framlag ykkar sem þjóðin kann vel að meta og óska Vestfirðingum allra heilla um ókomin ár.